



Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

Kennarar:	Ingibjörg Ingadóttir	Sk.st.	IBI
	Magnús Huld Sigmarsdóttir	Sk.st	MHS
	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st	ÆE

Námsefni:

Headway Upper-Intermediate Fourth Edition (Student's book)

Smásögur í Innu

Buddy Nigel Hinton

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll komi til. 1-2 tímar í síðustu kennsluviku annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir líka um eldri nemendur áfangans.** Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf.

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki kann nemandi að verða vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna. Notkun farsímar í tímum einskorðast við notkun sem kennslutæki og bara þegar við á.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	4 kaflapróf.	15%
Smásögur	Verkefni úr 5 smásögum	10%
Smásögur	Munnlegt próf	5%
Buddy	Skriflegt próf úr allri bókinni	10%
Ástundun og önnur verkefni	Verkefni af ýmsu tagi	10%
Lokapróf í des	Skriflegt próf	50%

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 17.ágúst, 2020

Ingibjörg Ingadóttir, Magnús Huld Sigmarsdóttir og Ægir Pétur Ellertsson

kennarar

Guðfinna Gunnarsdóttir

kennslustjóri.